

Kæri nemandi

Í ljósi nýrrar reglugerðar frá 4. október 2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, þar sem kveðið er á um að blöndun milli hópa í skólastarfi er óheimil, höfum við ákveðið að grípa til óhjákvæmilegra, tímabundinna aðgerða og skipta nemendum upp í hópa eftir námsbrautum. Í hverjum hópi mega mest vera 30 nemendur í sama rými og hver 30 manna nemendahópur má ekki skarast í áföngum. Nemendahóparnir eru tveir, annars vegar hópur náttúruvísinda og hins vegar hópur félags- og hugvísinda. Hvor hópur fær staðkennslu aðra vikuna og kennslu í gegnum Teams hina vikuna. Kennst verður eftir óbreyttri stundatöflu. Með þessum aðgerðum komum við í veg fyrir blöndun milli hópa og getum haldið úti sem mestri staðkennslu fyrir nemendur.

Þú tilheyrir hópi félags- og hugvísinda.

Kennsla fer fram samkvæmt stundatöflu sem er óbreytt.

Samvæmt nýju fyrirkomulagi ert þú í kennslu í gegnum Teams, samkvæmt þinni stundatöflu **dagana 7. október til 9. október**. Þá mætir þú í Teams kennslustund með kennurum, þegar kennslustundin stendur yfir, samkvæmt stundartöflu og fylgist með að heiman til þess að fá kennslu. Það er mjög mikilvægt að nemendur hafi Teams opið þegar þeir eiga að vera í tímum. Þá fá þeir strax ábendingu um að kennslustundin sé hafin og að þeir geti mætt í tíma. Mæti nemandi ekki á Teams fær hann fjarvist (**leiðbeiningar fyrir uppsetningu á Teams er að finna meðfylgjandi þessum pósti**). Verkefni verða áfram sett inn á moodle(moodle.fsh.is).

Vikuna 12. október til 16. október mætir þú í kennslustundir í skólanum samkvæmt stundatöflu.

Eftirtalin fög haldast þó óbreytt og eru kennd í staðnámi alltaf! Þar er engin skörun milli hópa.

FÉLV2AB05(12)

FÉLV3ST05(31)

HEIM2IH05(11)

ÍSLE3BB05(33)

SÁLF2IS05(11)

STÆR1XZ05(02)

NÁMI1NS01(01)

Ef að þetta ástand varir lengur, verður þú látinn vita og þá gilda þessar aðgerðir áfram, sem þýðir að vikuna 19. október til 23. október mætir þú í kennslustundir á Teams og vikuna þar á eftir mætir þú í kennslustundir í skólanum.

Ef nemandi telur sig ekki geta mætt í kennslustundir í skólanum, gefst honum kostur á að sækja kennslustundir á Teams í staðinn. Það er þó mikilvægt að nemendur séu meðvitaðir um að það á sér stað full kennsla samkvæmt stundatöflu. Mæti nemandi ekki í kennslustundir í skólanum eða á Teams er það skráð sem fjarvist og hefur áhrif á mætingarhlutfall.

Nánari útfærslur á íþróttakennslu er að finna á moodle.fsh.is

Óskir þú frekari upplýsinga skaltu hafa samband við umsjónarkennarann þinn.

Einnig er hægt að hafa samband við Elínu námsráðgjafa ef þig vantar aðstoð við að skipuleggja námið.